



Könnun á mati stjórnenda
sveitarfélaga á Skólavog

2016/16

Könnun á mati stjórnenda sveitarfélaga á Skólavog
© Samband íslenskra sveitarfélaga 2016/16
Hag- og upplýsingasvið
Borgartúni 30
Pósthólf 8100 – 128 Reykjavík
Ábyrgðarmaður: Valgerður Ágústsdóttir

Inngangur

Í desember 2011 gerði Samband íslenskra sveitarfélaga samning til fimm ára við Skólapúlsinn ehf. um framkvæmd og úrvinnslu Skólavogar og var verkefninu ýtt úr vör í ársbyrjun 2012. Í Skólavogina er safnað þrennskonar upplýsingum: viðhorfum nemenda, foreldra og kennara gagnvart skólastarfinu í gegnum viðhorfakannanir Skólapúlsins ehf., námsárangri nemenda og ýmsum lykiltölum er varða rekstur skólans svo sem rekstrarkostnað á hvern nemanda. Með þessari upplýsingaöflun opnaðist möguleiki á að ná góðri yfirsýn yfir hverju þeir fjármunir sem settir eru í skólastarfið skiluðu.

Í árslok 2016 lýkur gildistíma samningsins. Með þessari könnun er ætlunin að fá fram mat stjórnenda sveitarfélaga á Skólavoginni, í þeim tilgangi að fá fram gagnsemi verkefnisins.

Könnunin var send út mánudaginn 6. apríl 2016 í tölvupósti á skólaskrifstofu eða framkvæmdastjóra í því 21 sveitarfélagi sem þátt taka í Skólavoginni. Alls svöruðu 17 sveitarfélög könnuninni af 21 sem merkir að svarhlutfallið var 81%.

Helstu niðurstöður

Upplýsingar bárust frá 17 þátttökusveitarfélögum sem merkir að svarhlutfallið var 81%.

Heilt yfir þykir sveitarfélögum einfalt að túlka niðurstöður viðhorfakannana en 84% segja mjög eða frekar einfalt að túlka niðurstöður foreldra- og starfsmannakönnunar og heil 94% segja það um niðurstöður nemendakönnunar.

Skólavogin gerir þátttökusveitarfélögum mögulegt að skoða niðurstöður sínar í samanburði við önnur sveitarfélög. Langflest þeirra eða 83% bera saman niðurstöður úr nemendakönnun við niðurstöður annarra sveitarfélaga. Um 70% þeirra skoða árangur í samræmdum prófum og rekstrarkostnað í samhengi við niðurstöður annarra.

Spurt var um þrjár nýjungar í Skólavog. Þau sem tóku afstöðu voru öll frekar eða mjög ánægð með þær en mest var ánægjan með yfirlitstöflur með samantekt um stöðu skóla (77%).

Ef til boða stæði sambærilegt kerfi og Skólavogin fyrir aðra þjónustubætti sveitarfélaga þykir helmingi sveitarfélaga mjög eða frekar líklegt að þau keyptu aðgang að slíku kerfi.

Í könnuninni var greint frá því að við lok samningstímabils mun ný gjaldskrá líta dagsins ljós. Í því sambandi var horft til tveggja valkosta, A og B. Meirihluti þeirra sem svaraði leist betur á valkost B þar sem gjaldskráin lækkar um 30% og áskrift standi undir bæði rekstrarkostnaði sem mögulegum þróunarkostnaði.

Þegar á heildina er litið segja 82% sveitarfélaga að niðurstöður Skólavogar gagnist sveitarfélaginu mikið eða mjög mikið.

Stærð sveitarfélaga

Spurt var um stærð sveitarfélags eftir flokkun sem birt er í töflu 1.


Tafla 1. Hve margir búa í sveitarfélaginu?

Fjöldi íbúa	Fjöldi sveitarfélaga	% skipting
Færri en 500	0	0%
501 - 1000	2	12%
1001 - 2000	4	24%
2001 - 5000	6	35%
5001 - 10.000	1	6%
10.001 eða fleiri	4	24%
Alls	17	100%

Skýring: Spurning nr. 1.

Öll sveitarfélögin 17 svöruðu spurningunni. Taflan sýnir að um þriðjungur svarenda eru sveitarfélög með 2001 – 5000 íbúa og fjórðungur er með 10.001 íbúa eða fleiri.

Mynd 1. Hlutfallsleg skipting íbúafjölda sveitarfélaga sem svöruðu



Mynd 1 sýnir hlutfallslega skiptingu sveitarfélaga sem svöruðu könnuninni eftir íbúafjölda þeirra. Ekkert sveitarfélag hefur 500 íbúa eða færri.

Nýting niðurstaðna

Spurt var nokkurra spurninga um niðurstöður Skólavogar og greiningartækið; hve einfalt og/eða flókið í notkun greiningartækið er, túlkun niðurstaðna og hve mikið möguleiki á samanburði við önnur sveitarfélög er nýttur. Að auki var spurt um mikilvægi ólíkra flokka lykiltalna.


Tafla 2. Finnst þér einfalt eða flókið að vinna með það greiningartæki sem Skólavogin býður upp á?

	Fjöldi sveitarfélaga	% skipting
Mjög einfalt	1	6%
Frekar einfalt	14	82%
Hvorki né	2	12%
Frekar flókið	0	0%
Mjög flókið	0	0%
Alls	17	100%

Skýring: Spurning nr. 2.

Spurningunni svöruðu öll sveitarfélögin 17. Mynd 2 sýnir hlutfallslega skiptingu svara sveitarfélaganna byggða á tölfunni hér fyrir ofan.

Mynd 2. Hlutfallsleg skipting svara vegna úrvinnslu niðurstaðna í Skólavog



Svör sveitarfélaganna benda til ánægju með greiningartækið og einfalt sé að vinna með það. Af 17 sveitarfélögum svara 15 sveitarfélög því til að mjög eða frekar einfalt sé að vinna með greiningartækið eða 88% þeirra. Önnur tvö segja það hvorki vera einfalt né flókið að vinna með greiningartækið. Engu sveitarfélagi þykir flókið að vinna með það.


Tafla 3. Finnst þér einfalt eða flókið að skilja eða túlka niðurstöður sem þú færð úr Skólavoginni?

	Mjög einfalt	Frekar einfalt	Hvorki né	Frekar flókið	Mjög flókið	Á ekki við	Fjöldi alls
Nemendakönnun	5	11	1	0	0	0	17
Starfsmannakönnun	4	10	1	0	0	2	17
Foreldrakönnun	4	10	1	0	0	2	17
Árangur í samræmdum prófum	4	7	4	0	0	2	17
Rekstarkostnaður grunnskóla	4	7	4	0	1	1	17
Aðrar lykiltölur grunnskóla	3	8	3	0	1	2	17

Skýring: Spurning nr. 3.

Öll sveitarfélögin 17 svöruðu spurningunni. Flestum finnst annað hvort mjög einfalt eða frekar einfalt að skilja niðurstöður Skólavogar. Einu sveitarfélagi finnst mjög flókið að skilja niðurstöður vegna rekstarkostnaðar eða annarra lykiltalna grunnskóla.

Mynd 3. Hlutfallsleg skipting svara um að skilja eða túlka niðurstöður Skólavogar



Mynd 3 sýnir hvernig hlutfallsleg skipting svara er úr töflu 3. Myndin sýnir að sveitarfélögum þykir heilt yfir einfalt að túlka niðurstöður viðhorfakannana. Nær öllum sveitarfélögum eða 94% þeirra finnst einfalt að skilja og túlka niðurstöður nemendakannana. Um 84% þeirra finnst einfalt að skilja og túlka niðurstöður foreldra- og starfsmannakannana. Ríflega $\frac{2}{3}$ sveitarfélaga telja frekar einfalt að vinna áfram með lykiltölur vegna rekstrarkostnaðar grunnskóla, árangur í samræmdum prófum og öðrum lykiltölum grunnskóla. Einungis eitt sveitarfélag eða 6% þeirra sem svara segja að mjög flókið sé að skilja niðurstöður vegna rekstrarkostnaðar eða annarra lykiltalna grunnskóla.


Tafla 4. Hversu mikið eða lítið horfir þú á niðurstöðu sveitarfélags í samanburði við önnur sveitarfélög?

	Mjög mikið	Mikið	Hvorki né	Lítið	Mjög lítið	Á ekki við	Fjöldi alls
Nemendakönnun	2	12	1	1	1	0	17
Starfsmannakönnun	3	8	3	0	1	2	17
Foreldrakönnun	3	8	3	0	1	2	17
Árangur í samræmdum prófum	6	6	2	1	1	1	17
Rekstrarkostnaður grunnskóla	5	7	3	0	1	1	17
Aðrar lykiltölur grunnskóla	3	7	5	0	1	1	17

Skýring: Spurning nr. 5.

Öll sveitarfélögin 17 svara þessari spurningu. Almennt segjast sveitarfélögin horfa mikið á niðurstöður sínar í samanburði við önnur sveitarfélög. Það á við um alla lykiltalnaflokk.

Mynd 4. Hlutfallsleg skipting svara um samanburð við önnur sveitarfélög



Langflest eða 83% sveitarfélaganna 17 segjast horfa mjög mikið eða mikið á niðurstöður nemendakönnunar þegar samanburður er gerður við önnur sveitarfélög. Þá horfa um 70% þeirra til árangurs í samræmdum prófum eða rekstarkostnað þegar horft er til annarra sveitarfélaga. Um $\frac{2}{3}$ sveitarfélaga segjast horfa mikið á niðurstöðu sína vegna starfsmanna- og foreldrakannana.


Tafla 5. Hve litlu eða miklu máli skiptir fyrir sveitarfélagið að fá niðurstöður vegna eftirfarandi lykiltalna?

	Mjög miklu máli	Frekar miklu máli	Hvorki né	Frekar litlu máli	Mjög litlu máli	Á ekki við	Fjöldi alls
Nemendakönnun	9	7	0	0	0	0	16
Starfsmannakönnun	10	4	0	0	1	1	16
Foreldrakönnun	10	4	0	0	1	1	16
Árangur í samræmdum prófum	8	6	1	0	0	1	16
Rekstarkostnaður grunnskóla	9	5	1	0	0	1	16
Aðrar lykiltölur grunnskóla	6	6	3	0	0	1	16

Skýring: Spurning nr. 6

Spurningin er samansett af sex töluliðum og þeim svara 16 sveitarfélög.

Mynd 5. Hlutfallsleg skipting svara um mikilvægi niðurstaðna fyrir sveitarfélögin



Mynd 5 sýnir hvernig svörin skiptast hlutfallslega. Fyrir langflest sveitarfélög skipta niðurstöður viðhorfakannana miklu máli. Meirihluti þeirra telur einnig að niðurstöður annarra lykiltalna sem spurt var um skipti máli fyrir þau.

Nýjungar í Skólavog

Spurt var annars vegar um þrjár nýjungar sem bætt var við Skólavogina á árinu 2015 og auki var spurt um áhuga sveitarfélaga ef sambærilegt kerfi og Skólavogin væri aðgengilegt fyrir aðra starfsemi þeirra, svosem félagsþjónustu.


Tafla 6. Í upphafi þessi skólaárs var þremur nýjungum bætt við Skólavogina. Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu með þessar nýjungar?

	Mjög ánægð(ur)	Frekar ánægð(ur)	Frekar óánægð(ur)	Mjög óánægð(ur)	Á ekki við	Fjöldi alls
Yfirlitstöflur með samantekt um stöðu skóla	4	9	0	0	4	17
Deiling á niðurstöðum í gegnum tölvupóst	4	7	0	0	6	17
PDF útflutningur á skýrslu í heild sinni eða hluta	6	6	0	0	5	17
Annað (vinsamlegast tilgreindu)						

Skýring: Spurning nr. 4.

Öll sveitarfélögin 17 svöruðu spurningunni. Spurt var um þrjár nýjungar í Skólavoginni og að auki var þeim gert kleift að koma á framfæri athugasemdum um nýjungarnar í fjórða lið spurningarinnar, sem ekkert þeirra nýtti sér.

Mynd 6. Hlutfallsleg skipting svara um nýjungar í Skólavog



Mynd 6 sýnir hlutfallslega skiptingu svara sveitarfélaga um ánægju þeirra með fyrrnefndar þrjár nýjungar í Skólavoginni. Af þessum 17 sveitarfélögum segja langflest eða 77% þeirra vera mjög eða frekar ánægð með yfirlitstöflur með samantekt um stöðu skóla, 70% þeirra eru mjög eða frekar ánægð með þann möguleika að flytja út PDF skýrslur í heild sinni eða hluta og $\frac{2}{3}$ eru mjög eða frekar ánægð með þann möguleika að deila niðurstöðum í gegnum tölvupóst.


Tafla 7. Ef til boða stæði sambærilegt kerfi og Skólavogin fyrir aðra þjónustubætti í starfsemi sveitarfélaga, svo sem vegna félagsþjónustu, hversu líklegt eða ólíklegt er að sveitarfélagið keypti aðgang að slíku kerfi?

	Fjöldi svara	Hlutfall
Mjög líklegt	1	6%
Frekar líklegt	7	44%
Hvorki líklegt né ólíklegt	6	38%
Frekar ólíklegt	1	6%
Mjög ólíklegt	1	6%
Samtals	16	100%

Skýring: Spurning nr. 7.

Þessari spurningu svöruðu 16 sveitarfélög. Sjö af þeim telja frekar líklegt að sveitarfélagið keypti aðgang að slíku kerfi en sex þeirra segja það hvorki líklegt né ólíklegt.

Mynd 7. Hlutfallsleg skipting svara um sambærilegt kerfi fyrir aðra starfsemi sveitarfélagsins



Um helmingur sveitarfélaga telja líklegt að það keypti aðgang að sambærilegu kerfi fyrir aðra þjónustubætti í starfsemi sveitarfélaga ef það stæði þeim til boða. Ríflega þriðjungur telur það hvorki líklegt né ólíklegt og 12% segja það mjög eða frekar ólíklegt að sveitarfélagið keypti aðgang að slíku kerfi.

Gjaldskrá Skólavogar

Skólapúlsinn ehf. innheimtir áskriftargjöld af sveitarfélögum og er þeim ætlað að standa straum af kostnaði við þróun, rekstur og uppbyggingu Skólavogarinnar. Áskriftargjöld að Skólavog eru aðskilin frá gjaldi grunnskóla vegna þátttöku í viðhorfakönnunum Skólapúlsins ehf.

Árgjald sveitarfélags fyrir Skólavog á samningstímanum miðast við stærð þess skv. töflu hér að neðan.

Tafla 8. Gjaldskrá Skólavogar eftir stærð sveitarfélaga

Stærð sveitarfélags	Árgjald vegna Skólavogar
Sveitarfélag með > 10.000 íbúa	920.000 kr.
Sveitarfélag með 5.001 - 10.000 íbúa	740.000 kr.
Sveitarfélag með 2.001 - 5.000 íbúa	430.000 kr.
Sveitarfélag með 1.001 - 2.000 íbúa	320.000 kr.
Sveitarfélag með 501 - 1.000 íbúa	220.000 kr.
Sveitarfélag með < 500 íbúa	140.000 kr.

Heimild: Samstarfssamningur sambandsins og Skólapúlsins ehf. um uppbyggingu og þróun samhæfðs vefkerfis undir heitinu „Skólavogin“.

Svona lítur gjaldskráin út í samstarfssamningi þeim sem sambandið gerði við Skólapúlsinn ehf. um Skólavogina. Í þeim samningi er einnig kveðið á um það að framkvæmdaraðili, Skólapúlsinn ehf., áskilji sér rétt til að breyta áskriftargjaldinu að því tilskyldu að áskrifandinn eða sveitarfélagið sé látið vita. Rétt er að benda á að samningurinn var gerður til fimm ára og ljóst að á því tímabili yrðu almennar verðlagshækkningar í landinu.

Tafla 9. Þegar samstarfssamningurinn rennur út mun gjaldskráin lækka. Horft er til tveggja valkosta í því sambandi sem lýst er hér fyrir neðan. Vinsamlega merktu við þann valkost sem þér hugnast betur.


	Fjöldi	Hlutfall
Valkostur A. Gjaldskráin lækkar um 50%. Þannig munu greiðslur sveitarfélaga standa undir rekstrarkostnaði vegna Skólavogar í óbreyttu formi. Greiða þarf þá sérstaklega fyrir þegar nýjar viðbætur eru teknar í gagnað.	4	27%
Valkostur B. Gjaldskráin lækkar um 30%. Þannig munu greiðslur sveitarfélaga standa undir rekstrarkostnaði vegna Skólavogar í óbreyttu formi sem og allan þróunarkostnað. Því þyrfti ekki að greiða sérstaklega þegar nýjar viðbætur eru teknar í gagnað.	11	73%
Samtals	15	100%

Skýring: Spurning nr. 8.

Í könnuninni var greint frá því að þegar samstarfssamningur rennur úr gildi mun ný gjaldskrá taka við af þeirri gömlu. Áréttað var að hún myndi áfram taka mið af stærð sveitarfélaga en gjaldskráin sjálf myndi lækka. Í því sambandi væri horft til tveggja valkosta; valkost A og valkost B, en þeim er lýst í töflu 10 hér fyrir ofan. Afstaða fékkst frá 15 sveitarfélögum og meirihluti þeirra merkir við B sem þann valkost sem þeim hugnast betur. Valkostur B gerir ráð fyrir að gjaldskráin lækki almennt m 30% og þannig munu greiðslur sveitarfélaga standa undir rekstrarkostnaði vegna Skólavogar í óbreyttu formi sem og allan þróunarkostnað. Því þyrfti ekki að greiða sérstaklega þegar nýjar viðbætur eru teknar í gagnað.

Sveitarfélög höfðu tækifæri til að koma með ábendingar við þessa spurningu. Eitt sveitarfélag, sem valdi B valkost, nýtti sér það tækifæri og benti á að mikilvægt væri að vita hvaða viðbætur muni koma inn og hvenær til að sjá hagræðingu þess að greiða hærra gjaldið.

Mynd 8. Hlutfallsleg skipting svara vegna valkosta A og B vegna gjaldskrár Skólavogar



Mynd 8 varpar fram hlutfallslegri skiptingu svara sveitarfélaga um hvor valkosturinn hugnist þeim betur, A eða B sem lýst er í töflu 9. Stór meirihluti þeirra eða 73% hugnast betur valkostur B þar sem gjaldskrá lækkar um 30% á þann hátt að áskriftargjald standi bæði straum af rekstrarkostnaði og þróunarkostnaði.

Heildarmat á Skólavoginni

Að lokum voru sveitarfélögin spurð þegar á heildina væri lítið hversu lítið eða mikið niðurstöður úr Skólavoginni nýtast sveitarfélaginu.


Tafla 10. Þegar á heildina er lítið, hversu lítið eða mikið nýtast niðurstöður úr Skólavoginni fyrir sveitarfélagið?

	Fjöldi sveitarfélaga	% skipting
Mjög mikið	3	19%
Mikið	10	63%
Hvorki né	3	19%
Lítið	0	0%
Mjög lítið	0	0%
Alls	16	100%

Skýring: Spurning nr. 9.

Spurningunni svöruðu 16 sveitarfélög. Prettán þeirra segja í heildina að niðurstöður Skólavogar nýtist mikið eða mjög mikið fyrir sveitarfélagið.

Mynd 9. Hlutfallsleg skipting svara um nýtingu niðurstaðna þegar á heildina er lítið



Tæplega $\frac{2}{3}$ sveitarfélaga svara því til að niðurstöður Skólavogar nýtist sveitarfélaginu mikið þegar á heildina sé lítið og 19% segja þær nýtast mjög mikið. Samtals 82% sveitarfélaga telja niðurstöðurnar nýtast sveitarfélaginu mikið eða mjög mikið sem er fjórum prósentustigum hærra en í könnun sem gerð var vorið 2014.

Athugasemdir og ábendingar

Að lokum var sveitarfélögum gefinn kostur á að koma á framfæri ábendingum um það sem betur mætti fara varðandi Skólavogina. Engar ábendingar bárust.

Fylgiskjal. Könnun um mat stjórnenda sveitarfélaga á Skólavoginni

1. Mat á Skólavog

1. Hve margir búa í sveitarfélaginu?

- Færri en 500
- 501 - 1000
- 1001 - 2000
- 2001 -5000
- 5000 - 10.000
- 10.001 eða fleiri

2. Finnst þér flókið eða einfalt að vinna með það greiningartæki sem Skólavogin býður upp á?

- Mjög einfalt
- Frekar einfalt
- Hvorki né
- Frekar flókið
- Mjög flókið

3. . Finnst þér einfalt eða flókið að skilja eða túlka niðurstöður sem þú færð úr Skólavoginni?

	Mjög einfalt	Frekar einfalt	Hvorki né	Frekar flókið	Mjög flókið	Á ekki við
Nemendakönnun	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>
Starfsmannakönnun	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>
Foreldrakönnun	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>
Árangur í samræmdum prófum	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>
Rekstarkostnaður grunnskóla	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>
Aðrar lykiltölur grunnskóla	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>

4. Í upphafi þessa skólaárs var þremur nýjungum bætt við Skólavogina. Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu með þessar nýjungar?

	Mjög ánægð(ur)	Frekar ánægð(ur)	Frekar óánægð(ur)	Mjög óánægð(ur)	Á ekki við
Yfirlitstöflur með samantekt um stöðu skóla	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>
Deiling á niðurstöðum í gegnum tölvupóst	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>
PDF útflutningur á skýrslu í heild sinni eða hluta	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>

5. Hversu mikið eða lítið horfir þú á niðurstöðu sveitarfélags í samanburði við önnur sveitarfélög?

	Mjög mikið	Mikið	Hvorki né	Lítið	Mjög lítið	Á ekki við
Nemendakönnun	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>
Starfsmannakönnun	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>
Foreldrakönnun	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>
Árangur í samræmdum prófum	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>
Rekstkostnaður grunnskóla	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>
Aðrar lykiltölur grunnskóla	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>

6. Hve litlu eða miklu máli skiptir fyrir sveitarfélagið að fá niðurstöður vegna eftirfarandi lykiltalna?

	Mjög miklu máli	Frekar miklu máli	Hvorki né	Frekar litlu máli	Mjög litlu máli	Á ekki við
Nemendakönnun	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>
Starfsmannakönnun	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>
Foreldrakönnun	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>
Árangur í samræmdum prófum	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>
Rekstkostnaður grunnskóla	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>
Aðrar lykiltölur grunnskóla	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>

7. Ef til boða stæði sambærilegt kerfi og Skólavogin fyrir aðra þjónustubætti í starfsemi sveitarfélaga, svo sem vegna félagsþjónustu, hversu líklegt eða ólíklegt er að sveitarfélagið keypti aðgang að slíku kerfi?

- Mjög líklegt
- Frekar líklegt
- Hvorki líklegt né ólíklegt
- Frekar ólíklegt
- Mjög ólíklegt

8. Ný gjaldskrá fyrir Skólavog mun taka gildi þegar samstarfssamningurinn rennur úr gildi. Hún mun áfram taka mið af stærð sveitarfélaga, en gjaldskráin sjálf mun lækka. Horft er til tveggja valkosta í því sambandi sem er lýst hér fyrir neðan. Vinsamlega merktu við þann valkost sem þér hugnast betur.

- Valkostur A.** Gjaldskráin lækkar um 50%. Þannig munu greiðslur sveitarfélaga standa undir rekstrarkostnaði vegna Skólavogar í óbreyttu formi. Greiða þarf þá sérstaklega fyrir þegar nýjar viðbætur eru teknar í gagnið.
- Valkostur B.** Gjaldskráin lækkar um 30%. Þannig munu greiðslur sveitarfélaga standa undir rekstrarkostnaði vegna Skólavogar í óbreyttu formi sem og allan þróunarkostnað. Því þyrfti ekki að greiða sérstaklega þegar nýjar viðbætur eru teknar í gagnið

Annað, þá hvað?

9. Þegar á heildina er lítið, hversu lítið eða mikið nýtast niðurstöður úr Skólavoginni fyrir sveitarfélagið?

- Mjög mikið
- Mikið
- Hvorki né
- Lítið
- Mjög lítið

10. Hefur þú ábendingar um það sem mætti betur fara varðandi Skólavogina?

